



Ársfundur 15. maí 2013 Skýrsla stjórnar flutt af Örnunni Jakobínu

Góðir fundarmenn

Þegar rætt er um rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar á árinu 2012 er óhætt að segja að reksturinn hafi verið í föstum og traustum skorðum líkt og undanfarin ár. Sjóðurinn hefur um árabíl rekið varfærna fjárfestingarstefnu þar sem stærsti hluti fjárfestinga sjóðsins er byggður á ríkistryggðum verðbréfum.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 7,7% og hrein raunávöxtun var 3% samanborið við 8,3% nafnávöxtun og 3% raunávöxtun á árinu 2011. Meðalraunávöxtun s.l. 5 ár er 2,3%, sem verður að teljast nokkuð gott.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 8.450 milljónum króna og hækkaði um 4,6% frá fyrra ári.

Iðgjöld námu samtals 223 milljón króna og hækkuðu um 10,8% frá fyrra ári.

Alls greiddu 140 sjóðfélagar hjá 8 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu. Greiðandi sjóðfélögum fækkaði um 11 á árinu. Virkir sjóðfélagar þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum voru 135.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 461 milljónum króna og hækkuðu um 15% frá fyrra ári. Fjöldi lífeyrisþegar var 426 í árslok.

Eins og áður segir þá rekur sjóðurinn varfærna fjárfestingarstefnu en fjárfestingarstjóri Stapa mun fara yfir fjárfestingar sjóðsins hér á fundinum.

Tryggingafræðileg úttekt hefur verið framkvæmd á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2012, en skv. niðurstöðu matsins versnaði tryggingafræðileg staða sjóðsins um 610,3 milljónir króna á árinu.

Samkvæmt matinu eru áfallnar skuldbindingar 4.465,2 milljónir króna umfram eignir. Eignir sjóðsins duga fyrir 65,9% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2,0% ársvexti umfram launabreytingar. Heildarskuldbindingar sjóðsins, þegar tekið hefur verið tillit til þeirra iðgjalda sem sjóðfélagar greiða í framtíðinni og þeirra eigna og réttinda sem þær iðgjaldagreiðslur skapa, eru neikvæðar um 5.533 milljónir króna eða sem nemur 37,6% af skuldbindingum. Akureyrarbær er bakábyrgðaraðili sjóðsins og stendur þannig á bak við þann halla sem er á sjóðnum. Fleiri launagreiðendur eru eða hafa skilað til sjóðsins og hafa talsverðar skuldbindingar umfram eignir myndast vegna þeirra skila. Unnið er að því að reyna að ná samkomulagi við þessa aðila, um að þeir komi að uppgjöri á þessum skuldbindingum, þannig að þær lendi ekki á skattgreiðendum framtíðarinnar á Akureyri.

Framkvæmdastjóri mun hér á eftir fara nánar yfir tryggingafræðilega stöðu og áhrif hennar á skuldbindingar bæjarsjóðs.

Á árinu gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við tíðni stjórnarfundna en skv. starfsreglum sjóðsins var gert ráð fyrir að stjórnin fundaði sex sinnum á ári. Stjórn LSA hefur hins vegar að jafnaði haldið 4-5 fundi á ári. Þá bað eftirlitið um rökstuðning stjórnar á hvort stjórnin gæti í ljósi tíðni fundna rækt eftirlits- og ábyrgðarskyldur sínar. Það var álit stjórnar með tilliti til umfangs og samsetningar á eignum sjóðsins að ekki væri þörf á tíðari stjórnarfundum. Þá hefur verið unnið markvisst að því að bæta upplýsingagjöf til stjórnar á innri vef og þannig gefst stjórnarmönnum nú kostur á að fylgjast betur með rekstri sjóðsins milli fundna. Var niðurstaða stjórnar sjóðsins að rétt væri að breyta starfsreglum stjórnar á þann veg að fella út setningu um fjölda stjórnarfundna og var eftirlitinu sendar nýjar reglur ásamt rökstuðningi stjórnar varðandi fundafjölda. Ekki hafa komið neinar athugasemdir frá eftirlitinu vegna þessa.

Allnokkrar breytingar voru gerðar á skipuriti Stapa lífeyrissjóðs en Stapi sér um rekstur sjóðsins. Helstu breytingar eru þær að ráðinn hefur verið sérstakur áhættustjóri sem heyrir beint undir stjórn Stapa, regluvörslu hefur verið útvistað og gerðar hafa verið breytingar á fjárfestingarráði. Reglu og verkferlar hafa verið aðlagðar þeim breytingum.

Voru samhliða þessum breytingum gerðar breytingar á samningi sjóðsins við Stapa á þann veg að áréttað er að skipulag Stapa gildi einnig fyrir sjóðinn. Þá var enn fremur bætt inn í samning að allar breytingar sem snúa að skipuriti Stapa verði kynntar stjórn sjóðsins.

Þá var á árinu samþykkt áhættustefna í samræmi við tilmæli FME um áhættustýringu samtryggingadeilda lífeyrissjóða. Áhættustefnunni er ætlað að gefa yfirlit yfir helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins. Fjallað er um skipulag og framkvæmd áhættustýringar ásamt einstökum áhættuþáttum. Sett er fram áhættuskrá þar sem mikilvægi áhættuþátta er metið ásamt því að tilgreint er hvernig fylgst er með tilteknum áhættuþáttum í skýrslum og könnunum. Áhættudagskrá tilgreinir hvenær tilteknir eftirlitsþættir eru framkvæmdir. Loks er sett fram yfirlit yfir regluverk sjóðsins, þ.e. lög, reglugerðir, reglur FME og leiðbeinandi tilmæli FME sem að sjóðnum lúta, ásamt samþykktum og reglum sjóðsins, en regluverkið í heild á að taka á þeim áhættuþáttum sem mestu máli skipta fyrir rekstur sjóðsins.

Á árinu vék Hermann Jón Tómasson úr stjórn sjóðsins og vil ég nota þetta tækifæri til að þakka Hermann Jóni gott samstarf í stjórn sjóðsins á liðnum árum.

Góðir fundarmenn

Eins og fram hefur komið þá hefur rekstur sjóðsins gengið vel á liðnum árum og gerir stjórn sjóðsins ráð fyrir að rekstur sjóðsins verði með svipuðu sniði á árinu. Samstarf sjóðsins við Stapa lífeyrissjóð hefur gengið með ágætum. Ég vil nota tækifærið til að þakka framkvæmdastjóra og starfsmönnum svo og stjórnarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu. Sömu þakkir eru færðar lífeyris- og sjóðfélögum.